

Sp.

599. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að greiða menntamálaráði viðbót við styrktarfé til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna árið 1941.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Alþingi ályktar að heimila fjármálaráðherra að greiða menntamálaráði á árinu 1941 8000 kr. til viðbótar framlagi í fjárlögum þess árs til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna.

G r e i n a r g e r ð .

Menntamálaráð hafði á árinu 1941 svo lítið fé til umráða, að nokkrir þeirra, sem áður höfðu notið styrks samkv. 15. gr. fjárlaga, fengu engan styrk. Fjárveitinganefnd hefur reynt að bæta lítils háttar úr þessu að því er árið 1942 snertir, með því að hækka styrkinn til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna um 10 þús. kr. Þingsályktun þessari er ætlað að bæta úr þessu sama að því er yfirstandandi ár snertir.